

Nd.

436. Nefndarálit

um frv. til laga um starfmenn ríkisins og laun þeirra.

Frá minni hl. launamálanefndar.

Frumvarp samhljóða þessu lá fyrir síðasta þingi, og þá vísað til nefndar. Sú nefnd athugaði frumvarpið allýtarlega, en afgreiddi það eigi, einkum af því, að hún fékk að vita, að vilji var eigi fyrir hendi hjá meiri hluta þings um að það fengi þá afgreiðslu.

Á þessu þingi var frumvarpið lagt fyrir í byrjun f. m. og vísað til nefndarinnar, en hún var kosin 9. marz. Nefndin hélt 6 örstutta fundi, mest til að afgreiða önnur frumvörp, sem fylgdu þessu. Sú ákvörðun var tekin á fundi nefndarinnar 18. marz, að leita eftir hjá þingflokkinum, hvort vilji væri fyrir afgreiðslu málsins. 20. s. m. tilkynntum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, að flokkurinn óskaði eftir afgreiðslu á málinu. Frá hinum flokkinum kom aldrei ákveðið svar, en fundur hefir eigi verið í nefndinni síðan 21. marz, og sýnir það glögg, að ráðandi þingflokkar vilja eigi sinna málinu, enda þótt einn þeirra fulltrúi sé flutningsmaður þess.

Þar sem þannig stendur, og þar sem hér er um eitt þýðingarmesta mál þingsins að ræða, þá vil ég sem nefndarmaður í viðkomandi þingnefnd eigi láta hjá líða að skila álitum um það, enda þótt sýnt sé, að samvinna getur eigi tekizt við aðra nefndarmenn, og enda þótt málið fái að líkum eigi afgreiðslu á þessu þingi.

Eins og kunnugt er, þá eru tildrög þessa frumvarps þau, að ég og 5 aðrir sjálfstæðismenn fluttum tillögu á aukabætur 1933 um skipun nefndar til að undirbúa ný launalög, með það höfuðverkefni fyrir augum, að samræma laun hinna mörgu starfsmanna ríkisins og stofnana þess og spara fjárframlög til launagreiðslu bæði með fækkun starfsmanna og lækkun allra hærri launa. Það frumvarp, sem hér um ræðir, er samið af þeirri millipinganefnd, sem til þess var kosin. Eru í því að finna ýms ný og markverð ákvæði um veitingu starfa, lausn frá störfum, starfstíma, aukavinnu, starfsmannadóm o. fl. Er brýn þörf að lögfesta ýms þau ákvæði sem fyrst, enda voru á síðasta þingi líkur til, að allgott samkomulag næðist milli nefndarmanna um mörg þau ákvæði. Aftur á móti eru ákvæði frumvarpsins um orlof og forföll og um verðstuðul slík, að ég sé mér engan veginn fært að ganga að þeim, þar sem þau ganga mun lengra en réttmætt getur talizt í þá átt að draga fram hagsmunum launastéttarinnar á kostnað alþjóðar.

Um launaákvæðin sjálf er ég einnig mjög ósammála þeirri skoðun flutningsmanns og formanns nefndarinnar, Jörundar Brynjólfssonar, sem fram kemur í frumvarpinu, og eigi heldur líkur til, að ég geti um það efni orðið sammála öðrum nefndarmönnum, og því þykir mér rétt að gera í aðaldráttum grein fyrir álitinu mínu þar um.

Launalögin, sem nú eru í gildi og sett voru á Alþingi 1919, þegar allt verðlag stóð sem hæst í landinu, ná aðeins til nokkurs hluta launastéttarinnar eins og hún nú er. Þetta stafar að mestu af því, að á þeim árum, sem síðan eru liðin, hefir starfsemi ríkisins verið aukin geysilega mikið, bæði á kostnað einka- og félagsrekstrar í atvinnu og viðskiptum og á annan veg. Þetta hefir valdið afskaplegri fjölgun á launuðu starfsfólki hjá ríkinu og stofnunum þess, og það undarlega hefir skeð, að öllu þessu starfsfólki hafa verið ákveðin tiltölulega miklu hærri laun en þeim starfsmönnum, sem launalögin sjálf taka til. Það er þó kunnugt allri þjóðinni, að á þessu sama tímabili hefir undirstaðan í fjármálabyggingu þjóðfélagsins, framleiðslan, sífellt verið að veikjast, sem stafar sumpart af lækkandi afurðaverði og sumpart af hækkandi tilkostnaði, sem fyrst og fremst á rót sína í meðferð launamálanna í landinu og síhækkandi skatta af þeim sökum. Þetta hefir valdið því, að okkar framleiðsla til lands og sjávar hefir gefið litinn hreinan arð og mörg ár verið rekin með stórum halla, sem hefir orsakað stórhækkaðar skuldir og vaxandi vandræði af þeim sökum.

Allt þetta hefir orðið til þess að draga alla hæfustu krafta frá því að vilja stunda framleiðslu og vinna að eðlilegum endurbótum á þeim leiðum. Jafnframt hefir orðið afskapleg keppni um það frá öllum, sem um betri kosti eiga að velja, að ganga þær götur, sem stefna inn í það fyrirheitna land, að fá fasta launaða stöðu. Hefir troðningurinn verið slíkur, að sterkar líkur mæla með því, að mörg launuð störf hafi verið búin til meira til þess að útvega ákveðnum mönnum atvinnu heldur en vegna þarfa þjóðfélagsins. Enda margt til af fólki, sem eigi kemst að, þó það hafi þá menntun til að bera, sem krafizt er. Þetta er þjóðfélaginu öllu og framtíð þess til stórtjóns og miðar til gagnstæðrar áttat við það, sem vera ber. En slíkt verður eigi lagað á annan veg en þann, að koma á samræmi milli launastarfa og atvinnurekstrar, þannig að það sé ekki almennt neitt óaðgengilegra að stunda framleiðslu en að vinna fyrir launum.

Samkvæmt launaskrá, sem fylgir fjárlagafrumvarpinu, sem lagt var fyrir þetta þing, þá eru laun þeirra manna, sem þar eru taldir, 5,98 millj. króna samtals. Auk þess eru eftirlaun og styrktarfé í fjárlögum, sem eigi er talið í skránni, kr. 68526. Þar að auki er kaupgjald í opinberri vinnu nú orðið fullar 2 milljónir króna, og af því hve það er hátt eru orðin mikil kapphlaup um að komast þar að, sem eðlilegt er. Samtals eru þetta rúmlega 8,6 millj.

Ég lit nú svo á, að eins og fjárhag okkar lands er komið, þá sé eigi hægt að halda því lengi áfram að greiða þessa fjárhæð á ári hverju í laun og kaupgjald við opinbera vinnu. Hún verður að lækka að stórum mun, ef ekki á að verða algert strand í okkar fjármálum. Þess vegna tel ég allt of langt gengið í launaákvæðum frumvarpsins unnr launahæð. Hærri laun öll verður að lækka meira en þar er lagt til og samræma launakjör og vinnukröfur á þann veg. Einkum tel ég nauðsyn á, að laun eftir launalögum frá 1919 og þau laun,

sem síðar hafa verið ákveðin, séu samræmd á þá leið, að fullt tillit sé tekið til undirbúningstíma undir starfið og þeirrar ábyrgðar og þess vanda, sem því fylgir. Einnig virðist óhóflega mikill fjöldi starfsmanna við ýmsar stofnanir ríkisins, og mundi án efa mega fækka þar starfsmönnum án þess tjón hlytist af. Að gera um það ákveðnar tillögur af þingnefnd er þó allmiklum örðugleikum háð, þar sem frá hálfu millipinganefndarinnar í launamálum liggur ekki fyrir nein rannsókn á því atriði.

Samkvæmt framansögðu vil ég láta afgreiða frumvarpið með allverulegum breytingum, er yfirleitt miði að því að takmarka svo sem fært er þau útgjöld, sem þjóðin nú og í næstu framtíð þarf að leggja fram til launagreiðslu. Ef ég sé líkur fyrir, að afgreiðsla málsins sé hugsanleg, mun ég leggja fram slíkar breytingartillögur sérstaklega.

Alþingi, 24. apríl 1936.

Jón Pálmason.